

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	4.4.2014	Fulltrúi UST	Hákon Ásgeirsson
Fyrirtæki	Kalkþörungafélagið	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarteigi 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit hvað varðar rykmælingar í reykháfi en engar athugasemdir voru gerðar. Ekki er talin ástæða til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar þar sem ekki var hægt að greina óeðlilega rykmengun frá verksmiðjunni. Verði niðurstöður rykmælinga fyrir ofan viðmiðunarmörk verður þó brugðist við því með viðeigandi hætti.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar kvörtunar sem barst stofnuninni þann 3. apríl 2014. Bent var á að mikið rykský væri yfir bænum og kæmi það úr reykháfi Kalkþörungafélagsins. Samband var haft strax við Einar Svein Ólafsson f.h. rekstraraðila og málefnið borið undir hann en kannaðist hann ekki við þetta rykský sem um var talað.

Að morgni 4. apríl sl. var farið í fyrirvaralaust eftirlit í Kalkþörungafélagið og aðstæður kannaðar.

Séð ofan úr fjallshlíðinni yfir bæinn var ekki mengun að sjá, hægt var að greina móðu en gæti það einnig stafað af stórum vinnuvélum sem voru í gangi og mátti finna mikinn díselfniku þegar komið var niður í bæinn. Reykurinn úr stærri reykháfnum var hvítur, gufa sem steig beint upp í stillunni og þynntist út mjög snögglega. Annar minni reykháfur er þar við hliðina sem rauk lítið úr en sá reykur er gulari en virðist einnig þynnast snögglega út. Í kringum verksmiðjuna var ekki að sjá uppsafnað ryk á plani eða götum.

Haft var samband við rekstraraðila og kom þar fram að mengun síðustu daga gæti stafað af uppskipun, en við hana þyrlast upp ryk. Einnig var talað um að rykmengun myndast tímabundið ef stífla verður í reykháfi og þegar losnar um hana kemur mikið ryk tímabundið. Minni reykháfurinn er úr gömlu verksmiðjunni og það gæti verið einhver mengun úr honum. Á áætlun er að setja betri sýju á hann. Gufan sem stígur upp úr stærri reykháfnum er í hámarki þessa daga að sögn rekstraraðila, þar sem mikill hiti er á ofninum og gæti það valdið því að bæjarbúar telji að þar sé um aukna mengun að ræða vegna þéttari og sýnilegri vatnsgufu úr reykháfnum.

Frávik frá

Gr. 3.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Mæla skal rykmagn í reykháfi árlega en engar mælingar voru gerðar árið 2013. Rekstraraðili er búinn að hafa samband við verkfræðistofuna Verkís og biðja um að þessar mælingar verði gerðar á næstunni. Verður farið yfir niðurstöður þeirra mælinga í næsta reglubundna eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

ANNAÐ

Haft var samband við starfsmann Náttúrustofu Vestfjarða sem er með skrifstofu rétt við hlið verksmiðjunnar, og spurt hvort vart hafi orðið við aukna rykmengun síðustu daga en taldi viðkomandi að svo væri ekki.

Reykjavík, 10.04.2014



Hákon Ásgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.